

Fundur í fjallskilanefnd Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki, þriðjudaginn 19. ágúst 2025 kl. 20:00.

Mætt eru: Halldór K. Jónsson formaður fjallskilanefndar, Sigurbjörn G. Magnússon, Guðný Linda Gísladóttir, Gunnar Guðbjartsson og Sigurbjörg Ottesen, sem að ritaði fundargerðina.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Tilhögun fjallskila.

Eftirfarandi var ákveðið á grundvelli fjárfjölda í hreppnum. Fjallskilaskildar eru 1440 kindur, eða tæplega 37 fullorðnar kindur á bak við dagsverkið. Einungis eru lögð á dagsverk vegna útréttta, réttaviðgerða og eyði eða búlausra jarða sem eiga fjallendi. Lagt er 1 dagsverk á eigendur slíkra jarða en önnur dagsverk lögð á fjáreigendur sem eiga fé sitt á fjalli. Ábúendur jarða skulu að öðru leiti smala sín heimalönd og koma óskilafé í tæka tíð til réttar eða í safngirðingar.

Því er treyst að landeigendur/ábúendur leysi ofangreind verk vel og samviskusamlega af hendi og stuðli þannig að því að fé komist í hendur réttra eigenda. Inni menn ekki fjallkil af hendi greiði þeir kr. 25.000,- fyrir dagsverkið.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi var slitið kl. 20:50. Fundargerð uppliesin og undirrituð.

The image shows four handwritten signatures arranged vertically. The top signature is 'Halldór K. Jónsson' in cursive script. Below it is 'Sigurbjörn G. Magnússon'. To the right of those is 'Guðný Linda Gísladóttir'. At the bottom is 'Gunnar Guðbjartsson'. All signatures are in black ink on a white background.